



# Konukvöld í Útgerðinni

Útgerðin, Snyrtistofan Glóey og Pastel Hárstofa tóku sig saman fimmtudaginn 17. febrúar og héldu Konukvöld í Útgerðinni. Þessi samvinna hjá fyrirtækjunum þremur er ekki ný af nálinni en undanfarin ár hafa María, Margrét og Rut haldið Aðventugleði saman í aðdraganda jóllanna.

Konukvöldið heppnaðist virkilega vel með frábærum tilboðum, gjafapokum, veitingum og vinningum. Konur á öllum aldri drifu sig út til að gera sér dagamun og var greinilegt að þetta kvöld var kærkomið, stemmingin var virkilega góð og brosmildar konur versluðu, spjölluðu, hlógu og gæddu sér á veitingum. Á meðfylgjandi mynd eru Margrét Eir Árandóttir, eigandi Snyrtistofunnar Glóey, Rut Ragnarsdóttir, eigandi Útgerðarinnar og María Guðrún Guðmundsdóttir, eigandi Pastel Hárstofu.

sj



Bifreiðaverkstæði .Egis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

## Skarfur í vanda



Þegar ljósmyndari var á ferð um Kolgrafarfjörð varð hann vitni að því þegar skarfi hlekkist á þegar hann flaug yfir veginn. Ekki vildi betur til en svo að hann brotlenti á veginum, þar sem grjótgarðar eru beggja megin við veginn reyndist hon-

um erfitt að hefja sig til flugs. Voru góð ráð dýr tók hann það til bragðs að hlaupa og baða út vængjunum þar sem brúin er og skelti sér þar fram af frelsinu feginu.

þa

# Bollukaffi Félags eldri borgara í Grundarfirði

Íslendingar eru sólgirnir í rjóma-bollur, hvort sem þeir kjósi að fá sér vatnsdeigs- eða gerbollur. Þetta lostæti er þó bara í boði einu sinni á ári og því er ekki að furða að teygt sé aðeins úr deginum svo að hægt sé að gæða sér á bollum örlítið lengur. Sumir taka það svo langt að byrja vikum áður en flestir láta sér helgina fyrir daginn sjálfan duga. Félag eldri borgara í Grundarfirði hefur haft það að venju síðustu árin að vera með bollukaffi helgina fyrir bolludaginn og selja þar bollur og kaffi til gesta, þó Covid hafi að sjálfsögðu sett strik í reikninginn síðustu tvö árin. Síðastliðna helgi bauð Félag eldri borgara í Grundarfirði uppá sannkallaða kaffihúsastemningu í



Sögumiðstöðinni þar sem gestir og gangandi gátu tillt sér niður og notið þess að borða rjóma-bollur við ljúfa tóna á meðan ljósmyndasýningin á Bæringsstofu

rúllaði á hvíta tjaldinu. Með tilliti til ástandsins í samfélaginu bauð félagið bæjarbúum einnig upp á heimsendingarþjónustu, hvort sem það væri vegna veikinda eða færðar, svo allir gátu fengið eitt-hvað með kaffinu.

Meðfylgjandi mynd tók Björg Ágústsdóttir á laugardaginn þar sem þær Sunneva, Olga og Ragnheiður stóðu vaktina í bollukaffinu í Sögumiðstöðinni.

sj

## Fundur fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ

# D

### FUNDI FRESTAÐ

Fundi í fulltrúaráði  
sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ sem vera átti  
fimmtudaginn 3. mars er frestað vegna  
Covid-aðstæðna.

Fundurinn verður haldinn á veitingahúsinu Reks  
þriðjudaginn 8. mars 2022 kl. 20.

Fundarefni:

- Undirbúningur bæjarstjórnarkosninga 2022
- Umræður um bæjarmálin

Stjórn Fulltrúaráðs  
Sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.000

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

ÓLAFSVÍKUR- OG  
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL  
kirkjanokkar.is



### Friðarguðsþjónusta

verður á sunnudag klukkan 14 í Ólafsvíkurkirkju.  
Beðið verður fyrir friði.

Friðurinn hefst í hjarta hvers og eins.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

# ATKVÆÐAGREIÐSLA UTAN KJÖRFUNDAR

Laugardaginn 26. mars 2022 verður kosið um sameiningu sveitarfélaga í tvennum kosningum sem hér segir;

**Helgafellssveit og Stykkishólmsbær  
Langanesbyggð og Svalbarðshreppur**

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin. Í umdæmi Sýslumannsins á Vesturlandi fer hún fram á eftirtöldum stöðum:

**Akranesi - skrifstofu sýslumanns**, Stillholti 16-18

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 til 15:00 en kl. 09:00 til 14:00 á föstudögum.

**Borgarnesi - skrifstofu sýslumanns**, Bjarnarbraut 2

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 til 15:00 en kl. 09:00 til 14:00 á föstudögum.

**Búðardal - skrifstofu sýslumanns**, Miðbraut 11. Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 09:30 til 13:00.

**Eyja- og Miklaholtshreppi - skrifstofu hreppsstjóra**, Þverá. Alla virka daga kl. 12:00 til 13:00.

**Stykkishólmi - skrifstofu sýslumanns**, Borgarbraut 2

Mánudaga til fimmtudaga kl. 10.00 til 15.00 en kl. 09:00 til 14:00 á föstudögum.

Hægt er að kjósa á öðrum tíma samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra.

Kjósendum er bent á að hafa persónuskilríki meðferðis á kjörstað.

Stykkishólmi, 24. febrúar 2022  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi

## Pakkir og kveðjur!

Kæru íbúar Snæfellsness!

Þriðjudagurinn 1. mars heilsaði okkur með kærkomnu góðviðri og sólargeislum eftir tiltölulega langt útmánaðahret til sjávar og sveita.

Dagurinn þessi markar enda gagnmerk tímamót í þjónustu snæfellskra sveitarfélaga við fólk með fötlun því þennan dag hófst þjónusta við íbúa sem fluttir eru inn í íbúðakjarna Félags- og skóla-

þjónustu Snæfellinga að Ólafsbraut 62-64 í Ólafsvík.

Af því tilefni færi ég, f.h. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga og sveitarfélaganna hér á Snæfellsnesi, - hugheilar þakkir okkar og íbúanna til þeirra fjöldamörgu er heimsóttu okkur á vígsludegi íbúðakjarnans þann 14. desember sl. fluttu ávörp og færðu okkur árnaðaróskir og gjafir ásamt því að skoða nýja, glæsilega húsnæði



íbúðakjarnans.

Gjafir sem bárust:

- Grundarfjarðarbær: gjafakörfur til allra íbúa
- Snæfellsbær: Peningagjöf, kr. 1.000.000
- Verkalýðsfélag Snæfellinga: Peningagjöf, kr. 500.000
- Soroptimistaklúbbur Snæfellsness: Peningagjöf kr. 100.000
- Kvenfélag Hellissands: Peningagjöf kr. 50.000

Andvirði fjármuna þessara verður ráðstafað til kaupa á ýmsum búnaði og tækjum til reksturs hússins, s.s. þvottavél og þurrkara, húsgögn, ýmis áhöld til ræstinga o.fl.

Fyrirhuguð eru kaup 9-10 farþega sérþúinnar bifreiðar í dag-

legar ferðir íbúanna v. ýmissa erinda sem og ferðalaga, sbr. markmið sjálfstæðrar búsetu og virkni íbúanna í daglegu lífi þeirra.

Því leyfi ég mér að leita hér með eftir stuðningi fyrirtækja, félaga og einstaklinga við þessi áform, um kaup slíkrar bifreiðar, - með fjárframlögum inn á "Gjafa- og styrktarreiðing" íbúðakjarnans.

Nr. 0133 – 15 – 001199  
kt. 620600-3850

Með kærri kveðju og þökkum fyrir auðsýnda velvild og vinarhug!

*Sveinn Þór Elinbergsson,  
forstjóri Félags- og  
skólaþjónustu Snæfellinga*



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# ATVINNA

Hafnir Snæfellsbæjar auglýsa hér með eftir tveimur hafnarstarfsmönnum til starfa við Rifshöfn. Viðkomandi munu einnig þurfa að vinna við aðrar hafnir í Snæfellsbæ.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf, annars vegar 20. mars og hins vegar 20. apríl n.k. og vera orðnir 20 ára gamlir.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er framlengdur til og með 7. mars 2022 og skulu umsóknir sendar til hafnarstjóra.**

Nánari upplýsingar gefur hafnarstjóri í síma 433-6922 og 863-1153, netfang bjorn@snb.is

*Hafnarstjóri.*



**HAFNIR**  
**SNÆFELLSBÆJAR**



## Miðvikudagskyningar á verkefnum Svæðisgarðsins

Ragnhildur Sigurðardóttir heldur stuttar hádegiskynningar á verkefnum Svæðisgarðsins.

**Kynningarnar verða í beinni útsendingu á Facebook-síðu Svæðisgarðsins næstkomandi miðvikudaga og standa yfir frá kl. 12:00 - 12:15.**

Upptökur af kynningum verða aðgengi-  
legar á Facebook eftir útsendingu.

*Meira um starf Svæðisgarðsins  
á [snaefellsnes.is](http://snaefellsnes.is) og [snæfellsnes.is](http://snæfellsnes.is).*

### Fyrirhugaðar kynningar:

#### 2. mars

Svæðismörkun Snæfellsness

#### 9. mars

Markaðssetning ábyrgra matvæla af Snæfellsnesi

#### 16. mars

Fyrirmyndarútivistarstígar á Snæfellsnesi

#### 23. mars

Umhverfisvæn nýsköpun fyrir ungt fólk

#### 30. mars

Snæfellsness UNESCO Vistvangur/Man and Biosphere

#### 6. apríl

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, starfið 2014 - 2022

#### 13. apríl

Gestastofa Snæfellsness

#### 20. apríl

Samstarf um ferðaþjónustu á Snæfellsnesi